

Listi yfir gögn sem leggja þarf fram hjá Útlendingastofnun vegna umsóknar um skráningu sem aðstandandi ríkisborgara EES/EFTA ríkis

- Prentið út þennan gátlista. Safnið gögnum og hakið í viðeigandi reit þegar gagnanna hefur verið aflað.
- Skoðið leiðbeiningar með hverju gagni.

Ítarlegri upplýsingar um gögn sem þurfa að fylgja skráningarblaði eru á heimasíðu Útlendingastofnunar.

Það er á ábyrgð umsækjanda að leggja fram þau gögn sem eru á listanum. Ef öll gögn eru ekki lögð fram með umsókninni leiðir það til þess að afgreiðslan tefst eða umsókninni verður synjað. Útlendingastofnun getur óskað eftir viðbótargögnum þegar sérstakar ástæður mæla með því.

Leggja þarf fram **staðfest afrit** af frumritum allra vottorða sem eiga við um þessa umsókn.

Leggja þarf fram staðfest afrit eða frumrit **þýðingar löggilts skjalþýðanda á erlendum vottorðum** sem eru á öðrum tungumálum en ensku eða Norðurlandamáli. Það er á ábyrgð umsækjanda að fá þýðingu og borga fyrir hana.

Gögn sem allir umsækjendur þurfa að leggja fram (18 ára og eldri):

1. Skráningarblað

- Umsækjandi þarf sjálfur að skrifa undir skráningarblaðið.

2. Ljósrit vegabréfs (þarf ekki að vera staðfest)

- Gildistími skal vera minnst þrjú mánuði umfram gildistíma skráningar.
- Ljósrit þarf að vera af persónusíðu og síðu með undirskrift umsækjanda.

3. Gögn sem staðfesta tilgang dvalar EES eða EFTA ríkisborgara

- T.d. ráðningarsamningur eða skráningarvottorð frá menntastofnun.

4. Launaseðlar síðustu þriggja mánaða eða önnur staðfesting á framfærslu.

- Lágmarksframfærsla fyrir einstakling er 163.635 kr. á mánuði og fyrir tveggja manna fjölskyldu 245.453 kr. á mánuði.
- Ef umsækjandi er í hjúskap nægir að annar aðili sýni framfærslu fyrir báða.

5. Húsnæðisvottorð

6. Sjúkrakostnaðartrygging

- Umsækjandi þarf að leggja fram staðfestingu tryggingar til sex mánaða að lágmarki 2.000.000 kr. frá tryggingafélagi með starfsleyfi á Íslandi. Sjá hér: <http://www.fme.is/media/eftirlitsstarfssemi/Listi-yfir-erlend-vatryggingafelog.pdf>

7. Umboð í frumriti vottað af tveimur vottum.

- **ATH. Umboð þarf ekki að berast nema umsækjandi vilji að einhver annar en hann sjálfur fái upplýsingar um vinnslu umsóknarinnar hjá Útlendingastofnun.**

- Í umboðinu skal koma skýrt fram hvað umboðsmanni er heimilt að gera. Sjá umboðseyðublað á heimasíðu Útlendingastofnunar.

- Það athugist að maki þarf umboð vilji umsækjandi að maki geti fengið upplýsingar um umsókn.

-Eftirfarandi vottorð þurfa að vera staðfest með apostille vottun eða tvöfaldri staðfestingu séu þau gefin út erlendis, sjá nánar á [heimasíðu Útlendingastofnunar](#).

-Leggja þarf fram staðfest afrit af frumritum. Afritið þarf að vera stimplað af opinberu yfirvaldi sem hefur til þess heimild.

8. Vottorð um fjölskyldutengsl (þýðing ef við á)

- Hjúskaparvottorð, fæðingarvottorð, dánarvottorð, forsjárgögn eða skilnaðargögn eftir því sem við á.